

297. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGUR 12. SEPTEMBER 2019 KL. 16:00
OG
MIÐVIKUDAGUR 2. OKTÓBER 2019 KL. 11:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Starfsmannamál kirkjuráðs
- 3) Saurbæjarprestakall.

1. FUNDARSETNING

Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup í Hólaumdæmi, setti kirkjuráðsfund þennan á biskupsstofu kl. 16:00. Sr. Solveig gegnir embætti forseta kirkjuráðs í þeim málum, sem til umræðu eru á fundinum, á grundvelli 15. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

Fundinn sátu kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sat fundinn Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri biskupsstofu, sem ritaði fundargerð.

Gestur Jónsson lögmaður sat hluta fundarins.

Fundinum var frestað kl 17:30 og síðan fram haldið miðvikudaginn 2. október 2019 kl 11:30.

2. STARFSMANNAMÁL KIRKJURÁÐS - FRAMKVÆMDASTJÓRI

Biskup Íslands framsendi kirkjuráði tölvubréf fjármálastjóra biskupsstofu, dags. 23. ágúst 2019. Þar er kvartað yfir framkomu framkvæmdastjóra í garð verkefnisstjóra fjármála sókna á biskupsstofu o.fl. Því fól biskup, sem er forstöðumaður biskupsstofu, vígslubiskupi Hólaumdæmis að sinna skyldum biskupsembættisins hvað varðar það að vera forseti kirkjuráðs í máli þessu.

Málið rætt.

Kirkjuráð var einróma um að segja upp ráðningarsamningi kirkjuráðs f.h. kirkjumálasjóðs við framkvæmdastjóra og að hann láti af störfum þegar í stað. Forseti kirkjuráðs í þessu máli, mun kynna honum þessa niðurstöðu svo skjótt sem kostur er. Þá er starfandi forseta kirkjuráðs í þessu máli, heimilt að ganga til samnings um starfslok.

Á fundinum sem var fram haldið miðvikudaginn 2. október 2019 kynnti séra Axel Árnason Njarðvík hugmyndir að samningi um starfslok fráfarandi framkvæmdastjóra.

Kirkjuráð samþykkti að veita vígslubiskupi á Hólum og séra Axel Árnasyni Njarðvík umboð til að ljúka samningum á þeim grundvelli sem kynntur var.

3. SAURBÆJARPRESTAKALL

Kynnt var minnisblað vígslubiskups Skálholtsumdæmis, dags. 12. september 2019, um lyktir mála er varða uppgjör við fráfarandi sóknarprest fyrrum Saurbæjarprestakalls. Um er að ræða tillögur að lokauppgjóri vegna niðurlagningar sóknarprestsembættis Saurbæjarprestakalls og afhendingu fráfarandi á fyrrum prestssetursjörðinni Saurbæ, til jarðareiganda, kirkjumálasjóðs.

Kirkjuráð samþykkti fyrir sitt leyti að að gengið yrði til samninga á grundvelli þessa minnisblaðs, með þeim fyrirvara að hvorki komi til aðrar eða fleiri fjárkröfur á hendur kirkjumálasjóði né embætti biskups Íslands vegna málsins. Um sé að ræða endanlegar lyktir málsins.

Á fundinum sem var fram haldið miðvikudaginn 2. október 2019 var lagt fram minnisblað vígslubiskups í Skálholti varðandi starfslok fv. sóknarprests í Saurbæ og skil á prestsetursjörðinni Saurbæ, dagsett 1. október sl. Séra Axel Árnason Njarðvík kynnti stöðu málsins.

Kirkjuráð samþykkti á fyrri fundi sínum minnisblað um málið og stendur sú stefna kirkjuráðs varðandi málið. Biskup og kirkjuráð hafa unnið málið saman og munu áfram gera svo. Vígslubiskupi í Skálholti er þökkuð aðkoma hans að málinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 12 miðvikudaginn 2. október 2019.

Solveig Lára Guðmundsdóttir
vígslubiskup í Hólaumdæmi

Guðmundur Þór Guðmundsson
skrifstofustjóri biskupsstofu

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon